



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 471

Kristín Ólafsdóttir
Björn M. Ólsen

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 471

Kristín Ólafsdóttir Björn M. Ólsen

Formáli

Kristín Ólafsdóttir fæddist í Reykjavík 1950. Hún er dóttir hjónanna Ólafs G. Einarssonar fæddum 25. apríl 1913, dáiinn 14. september 1974 og Gyðu Hjaltalín Jónsdóttur fæddri 29. apríl 1920

Móðir Ólafs, Kristín Sigurðardóttir, fædd 28. ágúst 1893, dáiin 21. mars 1961 var alin upp hjá (Björgu) Margréti Magnúsdóttur Ólsen lækniisekkju fæddri að Þingeyrum 2. júní 1857, dáiin 20. febrúar 1922, ásamt Tómasi Stefánssyni símrítara fæddum 22. ágúst 1897, dáiinn 2. júlí 1922 fóstursyni Margrétar.

Eiginmaður B. Margrétar Magnúsdóttur Ólsen var Ólafur Sívertsen Guðmundsson fæddur 4. desember 1861. Ólafur var augnlæknir á Akranesi og síðar héraðslæknir í Rangárvallasýslum. Þau bjuggu á Stórolfshvoli. Eftir andlát Ólafs lækni 16. mars 1906 flutti B. Margrét til Reykjavíkur.

Kristín Sigurðardóttir verður ung ekkja eftir Einar Ólafsson gullsmið fæddur 10. ágúst 1888 dáiinn 18. nóvember 1918 með þrjú börn, Ólaf G., Þórunni fædd 24. mars 1916 dáiin 9. desember 1978 og Margréti Guðrún fædd 20. maí 1918 dáiin 18. mars 2009.

Ólafur G. Einarsson var alinn upp hjá B. Margréti Magnúsdóttur Ólsen lækniisekkju og Bjarnlínu Bjarnadóttur fædd 2. desember 1885 dáiin 23. ágúst 1959 og bjuggu þau að Skólavörðustíg 31. Bjarnlín var ýmist titluð verslunar- eða saumastúlka. Margrét og Bjarnlín búa í sama húsi á Skólavörðustíg 31 allavega frá 1909. Margrét deyr 1922 en Bjarnlín býr áfram á sama stað til 1950.

Árið 1915 halda þau hús saman B. Margrét lækniisekkja, Kristín, Ólafur, Margrét, Bjarnlín (Lína) og Tómas.

Björn Ólafsson Ólsen fæddur 4. ágúst 1767 var afi B. Margrétar Magnúsdóttur Ólsen, kona hans var Guðrún Runólfsdóttir Ólsen fædd 1771, dáiin 14. júlí 1843.

Sonur Björns og Guðrúnar var Runólfur Magnús umboðsmaður Þingeyrarklausturs og alþingismaður fæddur 30. desember 1810, dáiinn 13. maí 1860. Eiginkona Runólfs Magnúsar var Ingunn Jónsdóttir sýslumanns á Melum Jónssonar fædd 12. mars 1817 dáiinn 4. apríl 1897.

Börn Runólfs og Ingunnar voru B. Margrét Magnúsdóttur Ólsen og Björn Magnússon Ólsen rektor Latínuskólans og heiðursdoktor í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands og fyrsti rektor Háskóla Íslands fæddur 14. júlí 1850 dáiinn 16. janúar Ólsen 1919.

Afhent: Kristín Ólafsdóttir í febrúar 2012, júní 2015 og í september 2016.

Innihald: Bréf, eftirrit, skilabréf, ljóð, ljósmyndir, minningar- og þakkarkort, póesibók, o.fl.

Tímabil: 1814-1938.

Magn: 1 askja

Skjalaskrá

Askja 1

Örk 1

Handskrifuð bók sem byrjar á orðunum: Ég undirritaður (Björn Ólafsson Ólsen) er fæddur að Vindhæli á Skagaströnd í Húnavatnssýslu árið 1767 þann 4. ágúst, af foreldrum bónda Ólafi Guðmundssyni og Guðrúnu Guðmundsdóttur sem giftu sig 1766 og byrjuðu búskap að Vindhæli.

Björn Ólafsson Olsen skrifar á síðustu blaðsíðu í bók sína árið 1850. Sumarið 1843 seint í júlí mánuði kallaði góður Guð til sín mína sælu konu (Guðrún Runólfsdóttir Ólsen fædd 1771 dáið 14. júlí 1843), eftir að höfum saman verið í hjónabandi í 38 ár og lifa af okkur þrjú börn. Börnin sem eru: Student Runólfur Magnús umboðsmaður Þingeyrarklausturs og alþingismaður fæddur 30. desember 1810 dáiðinn 13. maí 1860. Guðrún fædd 1806 ekkja eftir prest, séra Jón Jónsson á Barði. Anna Margrét fædd 1814 er kona læknisins Jósep Skaptasen og búa þau að Hnausum Runólfur Magnús sonur minn fluttist hingað að Þingeyrum vorið 1841 og er hér búandi. Sama vor lagði ég frá mér administration klaustursins og þá tók sonur minn hana.

Handskrifuð bók líkræða Björn Ólafsson Ólsen fæddur 4. ágúst 1767.

Handskrifuð bók frá 1814 og 1815.

Bréf skrifuð í Saurbæ stíluð á hjartkæra besta bróðir undirrituð af Hjaltested á árunum 1844 og 1845.

Bréf stíluð á R. M. Ólsen skrifað í Saurbæ 1844, 1847 og 1848 undirritað af Hjaltested.

Vísur dagsettar 26. júní 1838 til Halldórs Melsted.

Bréf með dagsetningu 22. júlí 1849.

Skilabréf. Fyrir fjárhaldi Guðrúnar Jónsdóttur þar er umboðsmaður Student R.M. Ólsen á Þingeyrum... undirritað 28. nóvember 1859, Björn Jónsson frá Brekkukoti. Bréf með innsigli.

Bréf skrifað á Espihóli 5. júní 1869. Elskulegi frændi. Undirritað M.J.

Bréf skrifað á Breiðabólstað 14. apríl 1882 til B.M. Ólsen. Undirritað af G. Einarssyni.

Bréf skrifað á Oddeyri 1. febrúar 1888 til elskulega frænda. Undirritað af Magnúsi Bergmann.

Bréf skrifað í Flatey 10. desember 1908, Góði vin. Undirritað af Sigurði Jenssyni.

Bréf til frú Margrétar Magnúsdóttur Ólsen dagsett á Akureyri 23. febrúar 1919. Undirritað af Brynleifi Tobíassyni. (Kveðja til Kristínar, Línu og Tómasar).

Bréf skrifað á Njarðargötu 3, Reykjavík, 15. nóvember 1929.

Ljóð Ingunn Jónsdóttir undirritað B.Ó.

Afskrift. Árið 1884 mánudaginn 13. október var á Bíldudal skiptafundur haldinn í dánarbúi Guðmundar prófasts Einarssonar.

Bréfhaus með P.J. Thorsteinsson & CO dagsett Bíldudal í júní 1903. Eignir Breiðabólstaðarhúsin sem komu til skipta 13. október 1884. Skiptast á milli Katrínar Ólafsdóttur, Theódóru Thoroddsen, Ásthildar Guðmundsdóttur og Ólafs Guðmundssonar læknis.

Bréfhaus með P.J. Thorsteinsson & CO dagsett Bíldudal 19. september 1904. Uppgjör vegna eigna á Breiðarfirði þ.e. Hvalláturs, Skáleyjar og Flateyjar.

Skuldaviðurkenning Ólafs Guðmundssonar læknis á Stórolfshvoli dagsett 15. júní 1905 til Jóns Árnasonar. Að fullu greidd 28. júní 1906.

Eptirrit. Ólafur Guðmundsson læknir á Stórolfshvoli í Rangárvallasýslu gjörir kunnugt: að hafa fengið að láni hjá Landsbankanum í Reykjavík 1.400 kr. undirritað eftir umboði 10. nóvember 1902 af Birni M. Ólsen.

Kvæði flutt í samsæti Árnes- og Rangæinga 28. febrúar 1914.

Ljóð til Margrétar Magnúsdóttur í Litla-Hvoli frá Guðmundi Friðjónssyni.

Ljóð *syng frjálsa land*, eftir Huldu.

Grafskrift um Ólaf Einarsson fæddur 28. febrúar 1853, dáinn 16. Júlí 1919. Kveðja frá konu og börnum.

Vísur handskrifaðar á blað.

Blaðaúrklippa með minningarorðum um Árna J. Auðuns skattstjóra á Ísafirði fæddur 19. júní 1906. Útsaumsmunstur.

Jóla- og afmælskveðjur.

Bréf: ættartala Bjarna Einarssonar bónda f.1845 - 8. júlí 1885., bændur í Svínafelli og í Garðsauka.

Örk 2

Bréf til Bjarnlínar frá Guðnýju í Vestmanneyjum 1920.

Bréf til Bjarnlínar frá Stínu á Ísafirði árin 1922 og 1923.

Bréf til Bjarnlínar frá Deddu á Ísafirði 1932 og 1935.

Bréf til Bjarnlínar frá Siggu á Hvammstanga 1936.

Bréf til Bjarnlínar frá Margréti Jónsdóttur á Ísafirði 1935 og 1938.

Þakkarkort til Bjarnlínar vegna andláts Önnu Guðmundsdóttur.

Þakkarkort vegna aldláts, undirritað af Andréssi Andréssyni og börnum.

Fjögur minningarkort vegna andláts Tómasar Stefánssonar símritara sem andaðist 2. júlí 1922

Póesibók (Poesie) minningabók, Margrétar M. Ólsen rituð 1900-1912 og 1925.

Örk 3

1. Umslag

Myndir merktar Þórði Jónssyni, Bóluhjáleigu. Guðrúnu Högnadóttur, Bóluhjáleigu. Margréti Pétursdóttur. Mynd úr blaði merkt Emelía Indriðadóttir. Kort sent Margréti Magnúsdóttur.

2. Umslag

Ljósmynd merkt Jóhann Guðlaugur Sigurbjörn 5 ára. Guðrún Sigríður María 3 ára og Bergljót Karólína 15 mánaða.

Ljósmynd merkt Siggu, Nonna, Adda og Andra 10, 9, 8 og 3 ára.

3. Umslag

Ljósmynd frá 1890 merkt til Ingunnar Ólsen frá Svandýsi Sívertssen.

Ljósmynd frá 1918 til Bjarnlínar Bjarnadóttur Litla-Hvoli Reykjavík frá Jóni Jóhanni Jónssyni.

4. Umslag

Ljósmynd frá 1902 merkt Ólöf = M.B. Halldórsson 21 árs dóttir M. Skaptasonar og Annie líka d. Magnúsar frænda 19 ára.

Ljósmynd merkt Kristjana (kona og fjögur börn).

5.-11. Umslag

Ljósmyndir, ómerktar.

12. Umslag

Póstkort.

Skráð í mars 2012 og í september 2016,
GI og Bergþóra Annasdóttir